

Sp. 817. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í rafveitu til kaптúna í Árnessýslu.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu eða næsta ári til kaupa á efni í raforkuveitur frá Sogsvirkjuninni, jafnóðum og það efni verður fánlegt, til Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss og Hveragerðis.

Greinargerð.

Breytingartillögu í samræmi við ofanskráða tillögu hef ég ásamt öðrum alþm. flutt við þingsályktunartillögu á þskj. 431 fyrr á þessu þingi. Við umræðu þess máls í sameinuðu þingi gerði ég grein fyrir réttmæti og nauðsyn á samþykkt á þeirri heimild, sem hér er farið fram á, og lét ég þá greinargerð, er þannig var gerð fyrir máli þessu, nægja. Áminnst brtt. mun af minni hálfu verða tekin aftur, er til umræðu kemur.